

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 161/2013

2013/EES/56/25

frá 21. febrúar 2013

um leyfi fyrir natríumhýdroxíðblöndu sem fôðuraufefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Blanda með natríumhýdroxíði, CAS-númer 1310-73-2, var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraufefni fyrir ketti og hunda með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/525/EBE⁽³⁾. Blandan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraufefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríumhýdroxíði, CAS-númer 1310-73-2, sem fôðuraufefni fyrir ketti og hunda og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir skrautfiska og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 11. september 2012⁽⁴⁾ að með tilliti til þess að þetta aukefni var þegar leyft með sömu verkun til notkunar í matvæli og við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumhýdroxíð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og

að verkun þess í fôðri er í grundvallaratriðum sú sama og í matvælum sem sýrustillir og því er ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraufefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á natríumhýdroxíði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum, er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af aukefninu, forblöndum og fôðurböndum sem innihalda það, eins og heimilað er með tilskipun nr. 86/525/EBE.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og fôðurböndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 14. mars 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 14. mars 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

Fôðurböndur sem innihalda aukefnið, sem tilgreint er í viðaukanum, sem eru framleiddar og merktar fyrir 14. mars 2015 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 14. mars 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 49, 22.2.2013, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 310, 5.11.1986, bls. 19.

(⁴) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2882.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenniúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: sýrustillar									
1j524	—	Natrium- hýdroxíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Natriumhýdroxíð 50% miðað við massahlutfall (vatnslausn)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Natriumhýdroxíð $\geq 98,0\%$ heildarbasi (teiknað sem NaOH)</p> <p>NaOH CAS-nr.: 1310-73-2</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p><i>Greiningaraðferð</i>(⁽¹⁾)</p> <p>Ákvörðun á natriumhýdroxíði í fôðraukefni: Titrunarmæling — Sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaukefnum, einefnisrit nr. 1 (2006) ,natriumhýdroxíð“.</p>	Kettir, hundar og skrautfiskar	—	—	—	<p>1. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífir, hlífðarhanska og hlífðarfatnað.</p> <p>2. Varðandi notkun: endanlegur heildarmatritumstyrkur í fôðri skal ekki stefna heildarjafnvægi raf-kleyfra efna í hættu.</p>	14. mars 2023
<p>(⁽¹⁾) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóðum: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx and http://www.fao.org/ag/jecfa-additives/details.html?id=400</p>									